



Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 25. f.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, 13. mál.

Í fyrstu skal tekið er undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu um mansal, að um sé að ræða alvarlegt og vaxandi vandamál í heiminum sem gæti gert vart við sig hér á landi.

Embættið getur þó ekki mælt með lögfestingu þessa frumvarps eins og það liggur fyrir. Ástæður þess eru allmargar og verður hér gerð grein fyrir nokkrum þeirra.

Heiti laganna skv. frumvarpinu þykir ekki heppilegt. Í fyrsta lagi ber að forðast notkun orðsins fórnarlamb í þessu sambandi og nota frekar orðið brotaþoli svo sem gert er í lögum um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991, sbr. lög nr. 36, 1999. Þá þykir orðið vitnavernd tæplega eiga við hér þar sem það er venjulega notað sem samheiti um sérstaka vernd vitna sem bera vitni gegn mönnum sem grunaðir eru um alvarlega glæpi og þeim þykir stafa hætta af. Það eina sem lagt er til í frumvarpinu í þessum efnum er að brotaþolum mansals skuli boðið dvalar- og atvinnuleyfi. Atriði sem varða hina eiginlegu vitnavernd eiga auk þess heima í réttarfarslögum eða hegningarlögum. Sem dæmi um lagaákvæði um vitnavernd má nefna 108.gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 39, 2000, og úr lögum um meðferð opinberra mála má nefna 6., 7. og 8.mgr. 59.gr., sbr. lög nr. 36, 1999 og lög nr. 86, 2004.

Óheppilegt og ástæðulaust þykir að setja sérstök lög um þau atriði sem frumvarpið fjallar um. Atriði sem varða dvalar- og atvinnuleyfi útlendinga þykja eiga heima í viðeigandi köflum laga um útlendinga og laga um atvinnuréttindi útlendinga og sérstök ákvæði um vitnavernd eiga heima í lögum um meðferð opinberra mála.

Skilgreining frumvarpsins á mansali í 1.gr. frumvarpsins þykir óþarflega flókin og er auk þess torskilin. Þá vaknar sú spurning hvort heppilegt sé að í lögum sé að finna tvenns konar skilgreiningar á sama hugtakinu, sbr. þá skilgreiningu sem lesa má út úr 227.gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 40, 2003.

Að því er varðar 5.gr. frumvarpsins þá sýnast þau verkefni sem þar er lýst frekar eiga að vera í höndum lögreglu og útlendingastofnunar heldur en þeirrar nefndar sem gert er ráð fyrir. Verður t.d. að telja óeðlilegt að nefndin kanni hvort grunur um mansal sé á rökum reistur þar sem hér er lýst dæmigerðu verkefni lögreglu í íslensku refsivörslukerfi.

Hvatt er til að rækilega verði kannað hvernig þessum málum er fyrirkomid í nágrannalöndum okkar og hvað er þar helst á döfinni í þessum efnum. Ástæða er til að taka þann tíma sem þarf til að löggjöf um þessi atriði verði sem best unnin og í samræmi við íslenskan veruleika, en engin þörf er á því að flýta þessari lagasmíð að mati embættisins.

Það er mat lögreglu víða um heim að þeir brotapolar sem hér um ræðir reynist oft ekki góð vitni þegar á hólminn er komid. Ern ýmsar ástæður nefndar fyrir því, t.d. það að sjaldan búi þeir yfir vitneskju sem komi að notum við að upplýsa um brotastarfsemina. Mikilvægt þykir að fá brotapolana til samstarfs við lögreglu og ná trausti þeirra en þó er í auknum mæli reynt að draga úr mikilvægi þeirra við að upplýsa þessi mál. Þeir hafi mátt þola margt og ástæða sé til að hlífa þeim við því að verða höfuðvitni lögreglu og ákærvalds gegn misgjörðarmönnum sínum. Í staðinn er lögð áhersla á hvers konar upplýsinga- og gagnaöflun um athæfi brotamannanna. Er í þessum efnum gerður greinarmunur á “Victim-led policing” og “Intelligence-led policing”.

Í greinargerð með frumvarpinu eru nefndir nokkrir erlendir samningar og samþykktir t.d. frá Sameinuðu þjóðunum (Palermó-viðaukinn) og Evrópusambandinu (tillaga um “skammtímadvalarleyfi til handa fórnalömbum mansals sem aðstoða yfirvöld ...”). Ástæða hefði verið til að nefna enn fleira af þessum toga og gera ítarlegri grein fyrir því sem unnið hefur verið á þessu sviði erlendis. Skulu hér nefndar nokkrar ákvarðanir á vegum Evrópuráðsins sem ástæða kann að vera að skoða í þessu sambandi:

Council framework decision on the standing of victims in criminal proceedings - frá 15. mars 2001 (2002/220/JHA).

Council framework decision on combating trafficking in human beings - frá 19. júlí 2002 (2002/629/JHA).

Council conclusions frá 8. maí 2003 (2003/C 137/01), sjá t.d. kaflann um Victim protection and assistance.

Council resolution on initiatives to combat trafficking in human beings, in particular women – frá 20. október 2003 (2003/C 260/03).

Council framework decision 2004/68/JHA on combating the sexual exploitation of children and child pornography - frá 22. desember 2003.

Council directive 2004/81/EC on the residence permit issued to third-country nationals who are victims of trafficking in human beings or have been the subject of an action to facilitate illegal immigration, who cooperate with the competent authorities - frá 29. apríl 2004.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík